

Stjórnarfundur LH 7. október 2005

8. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson og Einar Ragnarsson og úr varastjórn Halldór Halldórsson, Sigrún Valdimarsdóttir og María Þórarinsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerðin yfirfarin og í umræðum um hana kom fram að vinna þarf að því að niðurstöður aganefndar birtist á heimasíðu LH. Annars samþykkt.

2. Æskulýðsbikar LH

Nauðsynlegt er að kynna vel og gera meira úr veitingu æskulýðsbikars LH og koma því fram í fjölmiðlum. Nokkrar verulega góðar skýrslur hafa borist og er ljóst að félögin leggja aukna rækt við æskulýðsstarf.

3. Gallup könnun

LH lét gera Gallup könnun eftir þætti sjónvarpsins – RUV - um heimsmeistaramótið í sumar. Hver spurning hjá Gallup kostar ca. 60.000,- kr. og því er ljóst að dýrt er að gera viðamikla könnun. Aftur á móti er áhugi á hestatengdu efni í sjónvarpi þó nokkur og könnunin afar jákvæð fyrir hestamenskuna, áhuginn er álíka mikill og á knattspyrnu.

4. Mótaröð í hestaþróttum

Jón Albert fór yfir HM og lýsti óánægju sinni með umgjörð og aðstöðu fyrir áhorfendur sem alls ekki var mönnum sæmandi. Farið var yfir bréf frá liðstjóra íslenska landsliðsins vegna agamála sem varða Valdimar Bergstað. Stjórn samþykkir að áminna Valdimar með formlegum hætti. Formanni falið að kalla til sín Valdimar og forsvarsmenn hans sökum aldurs og lýsa yfir vonbrigðum stjórnar með framgöngu hans við skeiðsprett á HM. Samþykkt að óska eftir frekari skýringum á framkvæmd 100m skeiðs á mótinu. Sigurði Ævarssyni og Einari Ragnarssyni falið að fylgja málinu eftir.

5. Fréttabréf LH

Búið er að semja við Huldu G. Geirsdóttur um að stýra fréttabréfinu sem á að koma út um miðjan nóvember.

6. Stefnumótun

Jón Albert útskýrir hvernig eigi að vinna að stefnumótunar verkefninu í tengslum við formannafund. Skýrir frá viðræðum við formann stjórnar Landsmóts ehf. um sameiginlegt starfsmannahald. Togast er á um hugmyndir og leiðir og sér ekki alveg fyrir endann á málinu en brýnt að hraða lokum.

7. Verklagsreglur um val á knapa ársins

Bæta inn í hópinn fulltrúum dómarafélaganna til þess að mynda breiðari fastan kjarna, þar sem mjög mismunandi er hversu margir fjölmiðlar fjalla um hestamenskuna.

8. Reikningar LH

Fjárhagsstaða LH er í góðu jafnvægi og lítur út fyrir að hægt verði að standa undir breyttu starfsmannahaldi á næsta ári. Það þarf að fara betur ofan í fjárhagsáætlun og jafnvel endurskoða hana.

9. Bréf frá Félagi tannínganna

Jón Albert kynnti bréf sem LH barst frá FT um Íslandsmót í sumar og svarbréf.

10. Aðalfundur FEIF

Jón Albert fór yfir málefni sem fjallað var um á aðalfundi FEIF. Sjá fundargerð á heimasíðu www.feif.org

11. Önnur mál:

- a. **Landsþing 2006.** Formanni falið að athuga með þinghald á vegum hestamannafélagsins Skugga. Taka verður ákvörðun á næsta stjórnarfundum.
- b. **Kennslumál.** Haraldur og Sigurður skólastjóri FS fóru á fund með Hólaskóla. Niðurstöður eru að FS haldi sínu striki með stuðningi LH.
- c. **Formaður LH.** Jón Albert tilkynnti að hann hafi ákveðið að hætta formennsku á næsta landsþingi og mun kynna þá ákvörðun á formannafundinum seinna í mánuðinum.

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*